

**REGLUR****um tryggingarfé ferðaskrifstofa.****1. gr.**

Sérhver sá einstaklingur eða félag, sem óskar leyfis til þess að reka ferðaskrifstofu, skal setja tryggingu að upphæð kr. 350 000.00 — þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónur.

**2. gr.**

Tryggingin skal vera í formi bankaábyrgðar, byggð á veðsetningu til þess banka, bankainnstæðu eða annarri tryggingu, sem bankinn metur gilda.

**3. gr.**

Nú hættir ferðaskrifstofa störfum og fellur þá skylda til tryggingar niður. Þó fellur trygging eigi niður fyrr en fram hefur verið lögð yfirlýsing löggilts endurskoðanda um að eigi sé til að dreifa ófullnægðum kröfum skuldheimtumanna eða annarra viðskiptamanna ferðaskrifstofunnar, á hendur henni.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. gr. laga nr. 29 20. apríl 1964, um ferðamál, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnar Vagnsson.*

**SAMÞYKKT****um forkaupsrétt Stykkishólms á lóðum og fasteignum í Stykkishólmshreppi.**

Stykkishólmshreppi er áskilinn forkaupsréttur á eftirtöldum lóðum og fasteignum:

Vikurgata 2. Eigandi: Petrea Andrésdóttir.

Vikurgata 4. Eigandi: Guðmundur Bjarnason.

Aðalgata 2. Eigendur: Eyjólfur Bjarnason og Bára Jónsdóttir.

Aðalgata 6. Eigendur: Ágúst Sigurðsson og Haraldur Jónasson.

Aðalgata 11. Eigandi: Einar Jóhannesson.

Aðalgata 19. (Jaðar). Eigandi Jón Kr. Lárusson.

Skólastígur 5. Eigandi: Þorkell Ólafsson.

Skólastígur 7. Eigandi: Jón Ólafsson.

Skólastígur 9. Eigandi: Stefán Tómasson.

Skólastígur 14. Eigandi: Kristjana Hannesdóttir.

Skólastígur 16. Eigandi: Áskell Gunnarsson.

Bókhöðustígur 2. Eigandi: Bæring Breiðfjörð.

Bókhöðustígur 6. Eigandi: Magnús Steinþórsson.

Bókhöðustígur 15. Eigandi: Kamilla Kristjánsdóttir.

Bókhöðustígur 17. Eigandi: Hans J. Hansen.